

um rannsóknir á hafnarstæði við Dyrhólaey.

Flm.: Einar Oddsson.

Alþingi ályktar:

1. Að skora á ríkisstjórnina að hraða rannsóknum á hafnarstæði við Dyrhólaey, ljúka hönnun hafnar þar og láta gera kostnaðaráætlun hafnarinnar.
2. Ríkisstjórninni er heimilt að semja við verkfræðifyrirtæki, innlent eða útlent, um framkvæmd verksins, samkvæmt 1. lið.
3. Kostnaður vegna framkvæmda, sem þingsályktun þessi hefur í för með sér, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Langt er nú um liðið, síðan mönnum varð ljós nauðsyn þess að gera höfn við Dyrhólaey.

Mörg rök hníga að því, að þessi staður sé öðrum fremur heppilegur til hafnargerðar. Rétt við Dyrhólaey eru ein beztu fiskimið landsins. Beggja vegna eru blómleg og frjósöm landbúnaðarhéruð Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu. Staðurinn liggur mjög vel við millilandasiglingum, þar sem skipaleiðir frá Evrópu til Reykjavíkur liggja fram hjá Dyrhólaey.

Þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið á svæðinu milli Þjórsár og Ingólfshöfða, benda eindregið til þess, að við Dyrhólaey séu bezt skilyrði til hafnargerðar.

Á brimsorfinni strönd Suðurlandsins er engin höfn á þeirri löngu leið frá Stokkseyri til Hafnar í Hornafirði. Höfn við Dyrhólaey mundi auka verulega öryggi skipa, sem eru að veiðum á nálægum miðum.

Fiskveiða- og iðnaðarbær við Dyrhólaey mundi auka jafnvægi í byggð Suðurlandsins og styrkja landsbyggðina í heild.

Þetta mikilvæga hafnarmál hefur oft verið til umræðu á Alþingi á liðnum áratugum.

Árið 1947 var samþykkt tillaga, þar sem „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram á næsta sumri rannsókn á því, hvort unnt sé að gera höfn við Dyrhólaey.“ Flutningsmaður þessarar tillögu var Jón Gíslason, þáverandi alþingismaður Vestur-Skaftafellinga. Tillaga þessi var samþykkt samhljóða.

Árið 1955 flutti Jón Kjartansson, þáverandi alþingismaður Vestur-Skaftafellinga, þingsályktunartillögu, þar sem Alþingi ályktar að skora á þáverandi ríkisstjórn að láta fara fram athugun á því, hvort unnt sé að gera hafnarbætur við Dyrhólaós, svo að fiskibátar geti fengið þar athafnasvæði. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Árið 1961 var samþykkt á Alþingi tillaga um að láta fara fram rannsókn á möguleikum til hafnargerðar í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu og við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu og að rannsóknnum þessum yrði hraðað svo sem aðstæður leyfa. Flutningsmenn þessarar tillögu voru Guðlaugur Gíslason og Sigurður Ó. Ólafsson, þingmenn Suðurlandskjördæmis.

Einnig hafa nokkrar fyrirspurnir verið gerðar um gang málsins síðustu áratuginu.

Eins og sjá má af framangreindu, hefur Alþingi jafnan sýnt máli þessu skilning og veitt fé til hafnarrannsókna við Dyrhólaey um árabíl. Rannsóknir þessar, sem Hafnamálaskrifstofan hefur haft undir höndum, hafa dregið svo úr hömlu, að óviðunandi er.

Fyrirverandi samgönguráðherra, Ingólfur Jónsson, hefur á árunum 1970 og 1971 lagt ríka áherzlu á það við vita- og hafnamálastjóra, að rannsóknnum við Dyrhólaey yrði hraðað svo sem unnt væri.

Í janúar 1971 tilkynnti vita- og hafnamálastjóri samgönguráðuneytinu, að einn af verkfræðingum hafnamálastofnunarinnar fengi það að meginverkefni á árinu að sinna hafnarrannsóknum við Dyrhólaey og áætlanagerð í sambandi við þær. Þessi maður hefur unnið eitthvað að mælingum og rannsóknum á s. l. sumri, en ekki sem skyldi, vegna þess að hann hefur verið hlaðinn öðrum störfum hjá hafnamálastofnuninni. Hann hefur nú sagt upp störfum þar.

Með tilliti til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, er tillaga þessi flutt.